

Nafn:

Tími í speglun:

..... kl:

Staðsetning speglunardeilda:

- Fossvogur deild A3 sími: 543 6231
- Hringbraut deild 11D sími: 543 6150

Leitaðu upplýsinga í anddyri.

Athygli skal vakin á því aðstarfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundnir þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni aðeða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.

Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferðsjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:
 LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
 LYFLÆKNINGASVIÐ I
 FYRSTA ÚTGÁFA - OKTÓBER 2004
 ÖNNUR ÚTGÁFA - FEBRÚAR 2007

HÖFUNDAR OG ÁBYRGÐARMENN:
 GUNNAR GUÐMUNDSSON, SÉRFRÆÐINGUR Í LUNGNASJÚKDÓMUM
 OG INGUNN STEFÁNSDÓTTIR, HIÚKRUNARFRÆÐINGUR


HÖNNUNOG LIÓSMYND:
 KYNNINGARMÁL LSH/AV



5 690939 121935 >

Berkjuspeglun

Upplýsingarit



Vertu velkomin á speglunardeild

Hér á eftir fara upplýsingar um berkjuspeglun. Ef eitthvað er óljóst eða spurningar vakna eftir lestur þessa pésa skaltu hiklaust leita til starfsfólks deildarinnar sem er alltaf reiðubúið til að reyna að svara spurningum.

Hvað er berkjuspeglun?

Í berkjuspeglun eru stærri loftvegir lungnanna skoðaðir að innan með sveigjanlegu speglunartæki. Stundum eru tekin sýni frá lungum um leið.

Undirbúningur

Þú þarft að fasta frá miðnætti kvöldið fyrir rannsóknina, bæði á mat og drykk. Ef þú tekur venjulega lyf á morgnana máttu taka þau með vatnssopa nema lækurinn þinn ráðleggi annað. Innöndunarlyf á að nota nema lækurinn taki annað sérstaklega fram.

Ef þú tekur blóðþynningarlyf er mikilvægt að lækurinn þinn viti af því.

Aðgerðardagurinn

Þú mætir á speglunardeildina og hjúkrunarfræðingur tekur á móti þér og útskýrir rannsóknina nákvæmlega. Þú ferð úr að ofan og færð spítalaskyrtu. Settur er svokallaður æðaleggur í handarbakið eða fram-handlegg og þér eru gefin undirbúningslyf ef þörf krefur. Súrefni er gefið með plastslöngu í nefið ef það er talið nauðsynlegt. Ef þú ert með gervitennur þarf að fjarlægja þær.

Læknir deyfir hjá þér munn, kok og nef með úðalyfi. Ýmist er farið með speglunartæki í gegnum munninn eða nefið. Frekari staðdeyfing og/eða lyf í æð eru gefin eftir þörfum. Það auðveldar speglunina ef þú reynir að hósta sem minnst og fylgja fyrirmælum sem gefin eru. Læknirinn skoðar síðan loftvegina og tekur sýni ef það er talið nauðsynlegt.

Eftir speglunina

Ef þú kemur að heiman

Þú liggur fyrir í 2 - 3 klst. eftir aðgerðina. Þann tíma verður þú áfram fastandi þar sem kokið er enn dofið. Eftir það ferðu á fætur og færð vatn að drekka. Sumir fara í röntgenmyndatöku af lungum. Ef allt er í lagi getur þú svo farið heim.

Þú mátt ekki aka bifreið þennan dag vegna lyfja sem þú hefur fengið. Læknirinn þinn verður svo í sambandi við þig um niðurstöður rannsóknarinnar, en nokkrir dagar geta liðið þar til þær liggja fyrir.

Ef þú liggur á sjúkrahúsi

Þú ferð á sjúkradeildina þína aftur og fylgst er með þér þar í 2 - 3 klst. Eftir það ferðu á fætur og færð vatn að drekka. Sumir fara í röntgenmyndatöku af lungum.

Yfirleitt eru litlir fylgikvillar eftir berkjuspeglun. Þó getur orðið vart særinda í hálsi, hæsi eða blóðs í hráka. Fáeinir fá hitavellu að kvöldi speglunardagsins, en hitann má lækka með því að taka Paratabs eða annað hitalækkandi lyf.

Ef þú færð sáran brjóstverk eða háan hita skaltu tafarlaust láta starfsfólk deildarinnar vita eða hafa samband við vakthafandi lækni á lungnadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss í síma 543 1000.

Þú skalt ekki hika við að hafa samband ef þér líður illa eða ef eitthvað er óljóst vegna aðgerðarinnar.

Vinsamlegast athugið

Sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum, tönnum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum og þess háttar sem sjúklingur eða aðstandendur hafa meðferðis.

Með ósk um góðan bata!
Starfsfólk speglunardeildar